

## **17. fundur sveitarstjórnar Fljótdalshrepps, Végarði 18. apríl kl. 14.00**

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, ásamt Hermanní Hermannssyni og Auði Axelsdóttur eigendum Brettasmiðunnar.

Oddviti setti fund kl. 14.15 og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá:**

- 1. Brettasmiðjan**  
Viljayfirlýsing
- 2. Vegafurkvæmdir**
- 3. Skipun 1 fulltrúa í ferðamálanefnd og Ormsteitisnefnd**
- 4. UMF Þristur**  
Starfsskýrsla ársins 2010 og vor 2011
- 5. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál**
- 6. Skipun fulltrúa í svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**
- 7. Breyting á deiliskipulagi í landi Skriðuklausturs**
- 8. Bréf**
  - a) Skógrækt ríkisins dags. 10.03
  - b) Þjóðskrá Íslands dags. 09.03
  - c) Skipulagsstofnun dags. 30.03
  - d) Skipulagsstofnun dags. 25.03
- 9. Fundargerðir**
  - a) SSA 28.02
  - b) Kynningarfundur um landamerkjaskráningu 22.02
  - c) Þróunarfélag Austurlands 07.03
  - d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 10.03
  - e) Austfirsk eining 11.03
  - f) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 11.03
  - g) Skólaneftnd Hallormsstaðaskóla 10.03
  - h) Skólaráð Hallormsstaðaskóla 1-2-3 og 4 fundur skólaárs 2010-2011
  - i) Dvalarheimili aldraðra 22.03 og ársreikningur 2010
  - j) Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Austurlands 28.03
  - k) HAUST 06.04 og ársskýrsla HAUST 2010
  - l) Austfirsk eining a01.04
  - m) Þróunarfélag Austurlands 04.04
- 10. Önnur mál**

#### **1. Brettasmiðjan.**

Eigendur Brettasmiðjunnar hafa stofnað fyrirtækið Brettasmiðja Austurlands ehf. Þau hafa flutt tæki til sögunar í Bessastaði og er vinna hafin að uppsetningu þeirra. Stefnt er að því að hefja framleiðslu í júní.

Farið var yfir drög að viljayfirlýsingu milli Fljótsdalshrepps og Brettasmiðju Austurlands ehf, þar sem fram kemur hver verður aðkoma sveitarfélagsins að starfsemi. Sveitarstjórn samþykkir að veita alltt að 5 millj. kr. styrk vegna

flutnings og uppsetningar starfseminnar og oddvita er falið í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins að ganga frá viljayfirlýsingunni og skrifa undir fyrir hönd Fljótsdalshrepps. Fjármagn til styrksins verður tekið af óráðstöfuðu eigin fé.

2. **Vegaframkvæmdir.** Samkvæmt framkvæmdaáætlun Vegagerðarinnar er áætlaður framkvæmdakostnaður á vegum í Fljótsdal, á þessu ári um 50 millj. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er gert ráð fyrir 40 millj. Samþykkt að bæta við 10 millj. kr.og verður það fé tekið af óráðstöfuðu eigið fé. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við vegarkafla í Múla sem unnið var við sl. sumar verði lokið með klæðningu og endurbyggðar heimreiðir á Egilsstöðum, Bessatöðum, Litlu-Grund og Víðivallagerði. Rætt um mögulegar úrbætur á Norðurdalsvegi. Samþykkt að óska eftir við Vegagerðina að kostnaðarmeta lagfæringar.
3. **Skipun 1 fulltrúa í ferðamálanefnd og Ormsteitisnefnd.** Ragna Fanney Jóhannsdóttir einn aðalmanna í ferðamálanefnd er flutt úr sveitarfélaginu. Samþykkt að Lára G. Oddsdóttir 1. varamaður, taki sæti Rögnu Fanneyjar sem aðalmaður í ferðamálanefndinni. Jafnframt er samþykkt að skipa Egill Gunnarsson sem varamann í nefndina Rögnu Fanneyju er þakkað fyrir góð störf fyrir sveitarfélagið í nefndinni.
4. **UMF Pristur**  
Starfsskýrsla ársins 2010 og vor 2011. Lagt fram til kynningar.
5. **Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál.**  
Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og oddvita falið að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.
6. **Skipun fulltrúa í svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.**  
Umhverfisráðherra óskar eftir með bréfi dags. 04.04 að Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshéraðs tilnefni sameiginlega 3 fulltrúa í svæðisráðið til fjögurra ára. Magnhildur Björnsdóttir hefur setið sem aðalmaður í svæðisráðinu , en biðst undan áframhaldandi setu. Samþykkt að Fljótsdalshreppur tilnefni Jóhann Frímann Þórhallsson . sem aðalmann í svæðisráðið og til vara Gunnþórunni Ingólfsdóttir. Magnhildi er þakkað fyrir góð störf fyrir sveitarfélagið í svæðisráðinu.
7. **Breyting á deiliskipulagi í landi Skriðuklausturs.** Tekin fyrir tillaga dags. 15.04 2011, að breytingu á deiliskipulagi í landi Skriðuklausturs, tillagan er unnin hjá Landmótun. Breytingarnar varða áform ábúenda um byggingu íbúðarhúss og reiðskemmu á afmörkuðu svæði deiliskipulagsins . Fluttur er til byggingarreitur íbúðarhúss og sýndur nýr byggingarreitur fyrir reiðskemmu. Einnig er afmörkun afnotareitisins breytt lítilsháttar, en stærð helst óbreytt. Með vísan í 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn að tillagan verði grenndarkynnt.
8. **Bréf**

- a. Skógrækt ríkisins dags. 10.03. Skógræktin fellur frá kröfu um mótvægisáðgerðir vegna skógarruðnings í tengslum við deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1. Kynnt.
- b. Þjóðskrá Íslands dags. 09.03. Varðar þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl. Kynnt.
- c. Skipulagsstofnun dags. 30.03. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags frístundabyggðar á Víðivöllum ytri 1 í B-deild Stjórnartíðinda. Kynnt.
- d. Skipulagsstofnun dags. 25.03. Varðar eldri skipulög hjá sveitarfélögum sem ekki hafa verið auglýst. Kynnt.

## 9. Fundargerðir

- a) SSA 28.02 Kynnt.
- b) Kynningarfundur um landamerkjaskráningu 22.02. Kynnt.
- c) Þróunarfélag Austurlands 07.03. Kynnt.
- d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 10.03. Kynnt.
- e) Austfirsk eining 11.03. Kynnt.
- f) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 11.03. Kynnt.
- g) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 10.03. Kynnt.
- h) Skólaráð Hallormsstaðaskóla 1-2-3 og 4 fundur skólaárs 2010-2011. Kynnt.
- i) Dvalarheimili aldraðra 22.03 og.ársreikningur 2010. Kynnt.
- j) Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Austurlands 28.03. Kynnt
- k) HAUST 06.04 og ársskýrsla HAUST 2010. Kynnt
- l) Austfirsk eining a01.04. Kynnt
- m) Þróunarfélag Austurlands 04.04. Kynnt.

## 11. Önnur mál.

- a) Oddviti kynnti bréf Landsvirkjunar dags. 12.04. Landsvirkjun hefur ákveðið að ljúka framkvæmdum við Sauðaarveitu og tilkynnir um að í sumar verður unnið við vegagerð og aðstöðusköpun vegna væntanlegra framkvæmda.
- b) Erindi frá Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps dags. 18.04, frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 18.45

Þorvarður ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)  
 Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
 Lárus Heiðarsson (sign)  
 Jóhann F. Þórhallson (sign)  
 Þorvarður Ingimarsson (sign)